

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 16 - 11.03. 2003

Þriðjudaginn 11. mars, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð. Einnig mætti Margeir Friðriksson fjármálastj. Sveitarfélagsins á fundinn.

### DAGSKRÁ:

1. Þriggja ára áætlun.
2. Bréf vegna fundar með Iðnaðarráðherra á Akureyri 3. mars 2003.
3. Borun við Kýrholt.
4. Ráðning starfskrafts á skrifstofu.
5. Önnur mál

### AFGREIÐSLUR:

1. Þriggja ára áætlun.

Margeir Friðriksson fór yfir þriggja ára áætlun Skagafjarðarveitna ehf en hún er samtvinnuð forriti því sem Sveitarfélagið notar til þessarar áætlunargerðar og hluti þess. Stjórnin samþykkir áætlunina. Nú vék Margeir af fundi.

2. Bréf vegna fundar með Iðnaðarráðherra á Akureyri 3. mars 2003.

Farið var yfir fund sem Gísli Árnason og Páll Pálsson sóttu á Akureyri með Iðnaðarráðherra og öðrum ráðamönnum hitaveitna á norðurlandi, varðandi styrki til hitaveitna í dreifbýli. Fundargerð fundarins var kynnt, en hún hefur verið send ráðherra.

Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að koma skilaboðum fundarins á Akureyri til byggðaráðs og sveitarstjórnar Skagafjarðar og óska eftir stuðningi við málið.

3. Borun við Kýrholt.

Rætt var um framhald borunar rannsóknarholunnar við Kýrholt.

Ný greinargerð frá OS lá fyrir þar sem fram kemur svarfgreining holunar o. fl. Hrun er á tveim stöðum í holunni og talið erfitt að komast fram hjá því nema með því að fódra holuna niður á um 230 metra dýpi með tilheyrandi kostnaði. Veitustjóra falið að ræða framhald málsins við framkvæmdastjóra Orkusjóðs.

4. Ráðning starfskrafts á skrifstofu.

Rætt um ráðningu á nýjum starfskrafti á skrifstofu í Áhaldahúsi.

Ákveðið að auglýsa stöðuna.

5. Önnur mál. Engin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 18 35

Ritari  
Páll Pálsson